3. Viðbragðsáætlun:

Öllum sem starfa með börnum, er skylt að hafa samstarf við barnavernd, sbr. 1. mgr. 20.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Grunur um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun vaknar þegar:

- Starfsmann grunar að barn hafi verið beitt ofbeldi, búi við vanrækslu eða sé með áhættuhegðun.
  - Barn segir frá.
- Það vaknar grunur um að starfsmaður beiti ofbeldi eða sýni óviðeigandi hegðun í garð barns.

Fyrstu viðbrögð starfsfólks:

- Starfsmaður skráir málsatvik á eins nákvæman hátt og mögulegt er, eins fljótt og hægt er.
- Starfsmaður hefur samband við næsta yfirmann.
  - Ef starfsmaður treystir sér ekki til að leita til stjórnanda skal leita ráðgjafar hjá starfsfólki barnaverndar eða hjá 112.
- Ef grunur leikur á að barn sé í hættu og stjórnandi er ekki við skal hafa samband við barnavernd eða 112.

Tilkynning:

- Stjórnandi tilkynnir málið til barnaverndar.
- Utan skrifstofutíma er hægt að hafa samband við bakvakt barnaverndar hjá 112.

Gátlisti:

- [ ] Grunur vaknar.
- [ ] Málsatvik skráð.
- [ ] Tilkynnt til stjórnanda.
- [ ] Mál tilkynnt til barnaverndar eða 112.
- [ ] Staðfesting frá barnavernd um að tilkynning hafi borist.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

MENNTAMÁLASTOFNUN